

Skipulags- og byggingafulltrúi Uppsveita bs.  
Stella Rúnarsdóttir  
Dalbraut 12  
840 Laugarvatn

Reykjavík, 27. apríl 2022  
UST202204-061/B.S.  
10.04.02

### **Efni: Aðalskipulag – Eyvindartunga. Lönguhlíðarnáma. Umsögn**

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Uppsveita bs. dags. 6. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda breytingu á aðalskipulagi vegna stækkunar á efnistökusvæði í Lönguhlíð við Lyngdalsheiðarveg. Þarna hefur verið stunduð efnistaka frá því að Vegagerðin lauk við frágang á svæðinu. Þessi náma er við fjölfarna ferðamannaleið og á því að leggja sérstaka áherslu á að vinnsla og frágangur verði með þeim hætti að lágmarka sjónræn áhrif. Þarna er nokkuð þykkur jarðvegur ofan á malarlögum og þarf að ganga frá regluglega til að ekki safnist fyrir stórir haugar af ofanafýtingu.

Umhverfisstofnun gerir athugasemdir við hvernig farið er með magntölur og telur stofnunin að í stað þess að búa framkvæmdina niður eins og hér er gert ætti að líta til lengri framtíðar á þessu svæði ef líkur eru á að framhald verði á efnistöku á þessum stað. Tekið er fram að efnistökusvæðið sé minna en 50.000 fm (stærð er um **4,95 ha**) og að ráðgert sé að taka minna en 150.000 m<sup>3</sup> af efni úr námunni (áætlað er að taka **149.500 m<sup>3</sup>** af efni) og að því falli efnistakan ekki undir lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Stofnunin telur rétt að benda á að lög nr. 106/2000 sem vísað er til í þessu samhengi hafa verið felld úr gildi með lögum nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Samkvæmt lið 2.02 í 1. viðauka við lög nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana, fellur efnistaka, þar sem áætlað er að raska **2,5 ha** svæði eða stærra eða efnismagn er **50.000 m<sup>3</sup>** eða meira í B flokk, hér er því um að ræða framkvæmd sem kann að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og meta þarf í hverju tilviki með tilliti til eðlis, umfangs og staðsetningar hvort háðar skuli umhverfismati. Mat á umhverfisáhrifum er ætlað m.a. að draga úr neikvæðum áhrifum framkvæmda sem væri til lítils ef mat færi fram að loknum þeim áfanga sem hér um ræðir og búið verður að taka um 149.000 m<sup>3</sup> úr námunni.

Það er mat Umhverfisstofnunar að líta beri heildstætt til framkvæmda með tilliti til framtíðaráforma á svæðinu og áréttar stofnunin að um framkvæmd í B flokki er að ræða sem ber að senda í matskyldufyrirspurn til Skipulagsstofnunar.

Virðingarfyllst,

Björn Stefánsson,  
*sérfræðingur*

Agnes Þorkelsdóttir,  
*sérfræðingur*